

# Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 35/2011.

---

Reykjavík, 10.10.2011

Málsnúmer: 2011100062

**Efni:** Ómerktir ofnæmis- og óþolsvaldar á matvörum frá Móður náttúru.

Móðir náttúra hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, ákveðið að innkalla af markaði Gado Gado, tilbúinn rétt úr smjörbaunum og grænmeti, Hummus, Sólskinssósu og Til eru fræ (fræblöndu) vegna vanmerkingar á ofnæmis- og óþolsvaldi. Ekki kemur fram í innihaldslýsingu að vörurnar innihalda sojasósu og hveiti.

**Vöruheiti:** Gado Gado, tilbúinn réttur úr smjörbaunum og grænmeti, Hummus, Sólskinssósa og Til eru fræ (fræblanda).

**Umbúðir:** Plastöskjur.

**Framleiðandi:** Móðir náttúra ehf, Gufunesvegi, 112 Reykjavík.

**Geymsluskilyrði:** Kælivara

**Dreifing:** Matvöruverslanir um land allt.

Hveiti sem inniheldur glúten og sojabaunir og afurðir úr þeim eru á lista yfir ofnæmis- og óþolsvalda. Samkvæmt matvælalöggjöfinni eiga ofnæmis- og óþolsvaldar að vera skýrt merktir í merkingum matvæla.

Tekið skal fram að vörurnar eru skaðlausar fyrir þá sem ekki eru viðkvæmir fyrir soja eða glúteni. Gado Gado, Hummus, Sólskinssósa og Til eru fræ, sem eru ómerkt m.t.t ofnæmis- og óþolsvalda, eiga ekki að vera í dreifingu eftir 07. 10. 2011. Samkvæmt upplýsingum frá Móður náttúru hefur fyrirtækið hafið endurmerkingar á vörunum. Þeir neytendur sem eiga umræddar vörur og eru viðkvæmir fyrir soja eða afurðum úr því eru beðnir um að farga þeim eða hafa samband við Móður náttúru í síma 567 5100.



